

HÚSÖNDIN

43. tbl. 3. árg.
24. nóv. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 25. NÓVEMBER - 1. DESEMBER

25.11. Sverrir Karlsson, Pétur Ingvi Gunnarsson

26.11. Sigfús Illugason, Dagný Hallgrímsdóttir

27.11. Hulda María Þorláksdóttir

28.11. Bogey Björk Gísladóttir

29.11. Einar Eyþórsson

30.11. Hrefna Sigurgeirsdóttir, Þórunn Ólöf Kristjánsdóttir

Munum eftir smáfuglumum

Fuglakornið er komið aftur í búðina. 1000 kr. pokinn.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið



KIWANISKLÚBBURINN
HERÐUBREIÐ
MÝVATNSSVEIT

Dyngjan auglýsir

Opið verður í Dyngjunni á aðventunni

28. og 29. nóvember kl. 12-16

5. og 6. desember kl. 12-16

12. og 13. desember kl. 12-16



Mikið til af falletgri gjafavöru.

Svo er líka alltaf hægt að hringja í síma 464-2003 og fá opnun.

Dyngjan handverksmarkaður

*Upplifun
er besta
jólagjöfin*

ÓNOTUÐ FERÐAGJÖF?

HJÁ JARDBÖÐUNUM VIÐ
MÝVATN FÆRÐU AÐGANG,
DRYKK OG HANDKLÆÐI
FYRIR TVO EF GREITT ER
MEÐ EINNÍ FERÐAGJÖF.
TILVALIÐ SEM GJAFABRÉF
Í JÓLAPAKKANN!

ENGINN GILDISTÍMI ER Á
GJAFABRÉFINU

BÓKANLEGT Á
INFO@JARDBODIN.IS



“Opið hús” hjá Nýsköpun í Norðri

Við viljum sjá þig og heyra í þér!

NÍN hefur frá upphafi byggst á hugmyndum íbúa í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Á næstu vikum verður því þema haldið gangandi með röð rafrænna hittinga (við munum halda staðbundna fundi líka eftir því sem aðstæður leyfa) þar sem leitast verður eftir samtali um verkefni NÍN. Fundirnir eru rafrænir á hverjum fimmtudegi kl 17:00.

Dagskrá

19. nóvember kl 17:00-18:00 - Tækifæri í náttúruvernd og nýtingu minja, kynningar. Kynning á tækifærum sem geta falist í náttúru- og minjavernd í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Hildur Ásta Þórhallsdóttir leiðir fundinn, en góðir gestir flytja erindi. Fundurinn er tekinn upp og aðgengilegur á Thingeyingur.is og Facebooksíðu NÍN.

26. nóvember kl 17:00-18:00 - Tækifæri í náttúruvernd og nýtingu minja, umræður.

Samtal íbúa um möguleg tækifæri í samhengi við kynningar frá 19. nóvember. Umræðurnar fara fram á rafrænum samtalsvettvangi, en hlekk inná fundinn verður hægt að finna á Thingeyingur.is og Facebooksíðu NÍN.

3. desember kl 17:00-18:00 - Umræður um afrakstur aðgerða NÍN sem unnar voru af rýnihópum vorið 2020. Hvað hefur gerst síðan þá?

10. desember kl 17:00 - Viðskiptaþróun í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit - Hvaða fyrirtæki eru rísandi stjörnur og hvaða tækifæri eru handan við hornið?

14. janúar kl 17:00 - Tækifæri í kolefnisbindingu í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi.

Áframhaldandi dagskrá verður kynnt síðar. Nánari upplýsingar má finna inn á www.thingeyingur.is og Facebook síðu NÍN.





Roðagyllum heiminn - bindum enda á ofbeldi gegn konum

Þann 25. nóvember 2020, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi hefst átakið „Roðagyllum heiminn” og því lýkur þann 10. desember en sá dagur er tileinkaður alþjóðlegum mannréttindum og er jafnframt alþjóðadagur Soroptimista. Átaksverkefnið lýtur að því að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn konum víðsvegar um heiminn. Soroptimistar eru samtök kvenna vítt og breitt um veröldina og eitt af markmiðum þeirra er að vinna að bættri stöðu kvenna. Það gera samtökin á margvíslegan máta, bæði með beinni aðkomu að ákveðnum verkefnum sem og að vekja athygli á því sem þarfnast úrbóta í málefnum kvenna. Það s amræmist vel markmiðum okkar Soroptimista að taka þátt í vitundarvakningu um nauðsyn þess að binda enda á ofbeldi gegn konum og tókum við heilshugar þátt í að roðagylla heiminn þessa 16 daga til að vekja athygli á málstaðnum.

Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis hvetur einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir í Þingeyjarsýslum til að leggja málefninu lið með roðagullinni lýsingu þessa daga og vekja þannig athygli á þessu brýna verkefni. Fulltrúar klúbbsins munu nk. miðvikudag, 25. 11. 2020, tendra roðagullin ljós við Húsavíkurkirkju og e.t.v. víðar. Vegna samkomutakmarkana er okkur ekki kleift að standa fyrir opinberum viðburði í tengslum við átakið að þessu sinni en erindi „ræðumanna” okkar munu birtast í Vikublaðinu 26. 11. nk.

Samkvæmt nýlegum fréttum hefur Kórónuveirufaraldurinn orðið til þess að ofbeldi gegn konum hefur aukist út um allan heim.

Tökum þátt í að roðagylla heiminn til að minna okkur og aðra á nauðsyn þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

Soroptimistaklúbbur Húsavíkur og nágrennis